

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2022/2311****2023/EES/20/13****frá 21. október 2022****um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð
(ESB) nr. 153/2013 að því er varðar tímabundnar neyðarráðstafanir um kröfur um tryggingar (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 46. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 153/2013 ⁽²⁾ mælir fyrir um tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur fyrir miðlæga mótaðila um að samþykkja auðseljanlegar tryggingar með lágmarks greiðslufalls- og markaðsáhhættu.
- 2) Nýleg þróun í stjórnámálum og á mörkuðum hefur leitt til verulegrar hækkunar verðs og aukningar verðflökts á orkumörkuðum sem hefur orðið til þess að miðlægir mótaðilar hafa aukið verulega tryggingafjárkröfur gagnvart tengdum áhættuskuldbindingum. Þessar auknu tryggingafjárkröfur hafa valdið ófjárhagslegum mótaðilum lausafjálalagi en þeir hafa yfirleitt færri og ekki eins seljanlegar eignir til að uppfylla tryggingarfjárkröfurnar. Þar af leiðandi hafa þessir ófjárhagslegu mótaðilar neyðst til að annað hvort draga úr stöðum sínum eða hafa þær ónægilega áhættuvarðar, sem hefur leitt til frekari verðbreytinga fyrir þá.
- 3) Til þess að tryggja snurðulausa starfsemi fjármála- og orkumarkaða Sambandsins við núverandi aðstæður og til að draga úr lausafjárþrýstingi á ófjárhagslega mótaðila sem eru virkir á skipulögðum gas- og raforkumörkuðum sem miðlægir mótaðilar með staðfestu í Sambandinu stöðustofna ætti að stækka safn hæfra trygginga sem eru tiltækar ófjárhagslegum mótaðilum tímabundið þannig að það taki til óveðtryggðra bankaábyrgða.
- 4) Til þess að takmarka lausfjálalagið sem sést á mörkuðum með orkuafleiður ættu miðlægir mótaðilar einnig að telja ábyrgðir sem eru gefnar út eða tryggðar af opinberum aðilum sem hæfar tryggingar fyrir fjárhagslega og ófjárhagslega mótaðila að því gefnu að þær ábyrgðir hafi litla greiðslufallsáhhættu mótaðila og séu óafturkallanlegar, skilyrðislausar og hægt sé að ganga að þeim innan innlausnartímabils eignasafns stöðustofnunaradila í vanskilum og hafi því í för með sér takmarkaða lausafjáláhættu.
- 5) Búið er við því að áhættan sem er fólgin í því að útvíkka hæfar tryggingar þannig að þær taki til óveðtryggðra bankaábyrgða og opinberra trygginga verði áfram takmörkuð þar sem stækkunin myndi vera háð áhættustýringar-ráðstöfunum miðlæga mótaðilans og allar aðrar viðeigandi kröfur sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) nr. 153/2013 myndu gilda áfram.
- 6) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) nr. 153/2013 til samræmis við það.
- 7) Til þess að draga enn frekar úr áhættu tengdri því að samþykkja óveðtryggðar bankaábyrgðir fyrir ófjárhagslega stöðustofnunaradila og opinberar ábyrgðir fyrir fjárhagslega og ófjárhagslega stöðustofnunaradila sem tryggingu, ættu þessar ráðstafanir að vera tímabundnar í eðli sínu og gerðar til 12 mánaða tímabils sem væri til að veita þátttakendum á markaði aðstoð og myndi hvetja þá til að snúa aftur til markaða.
- 8) Í ljósi nýlegrar þróunar á mörkuðum er nauðsynlegt að stækka safn hæfra trygginga sem er tiltækt ófjárhagslegum stöðustofnunaradilum eins fljótt og verða má. Því ætti þessi reglugerð að öðlast gildi sem fyrst.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 307, 28.11.2022, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 331/2022 frá 9. desember 2022 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 153/2013 frá 19. desember 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur fyrir miðlægra mótaðila (Stjtið ESB L 52, 23.2.2013, bls. 41).

- 9) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina að höfðu samráði við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, Evrópska kerfisáhætturáðið og seðlabankakerfi Evrópu.
- 10) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur hvorki haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á né greint mögulegan kostnað og ávinning þar sem það hefði verið í verulegu ósamræmi við umfang og áhrif breytinganna að teknu tilliti til hversu áriðandi og takmarkaðar í umfangi fyrirhugaðar breytingar eru. Í ljósi þess að málið er áriðandi hefur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ekki leitað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽³⁾. Hagsmunahópurinn á verðbréfamarkaði verður upplýstur um það í samræmi við áður nefnda grein.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framseldri reglugerð (ESB) nr. 153/2013 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi önnur málsgrein bætist við 39. gr.:

„Til 29. nóvember 2023, að því er varðar 1. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, skulu opinberar ábyrgðir sem uppfylla skilyrðin í I. viðauka teljast auðseljanlegar tryggingar.“

- 2) Eftirfarandi málsliður bætist við í aðra málsgrein 62. gr.:

„Hins vegar skal h-liður 1. mgr. 2. þáttar I. viðauka ekki gilda um viðskipti með afleiður sem um getur í b- og d- liðum 4. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1227/2011 frá 29. nóvember 2022 til 29. nóvember 2023.“

- 3) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. október 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

VIÐAUKI

Í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 153/2013 er eftirfarandi 2. þætti a bætt við:

„2. ÞÁTTUR a

Opinberar ábyrgðir

Til 29. nóvember 2023 skulu opinberar ábyrgðir sem uppfylla ekki skilyrðin til að teljast seðlabankaábyrgðir eins og sett er fram í 2. mgr. í 2. þætti uppfylla öll eftirfarandi skilyrði til þess að verða samþykktar sem trygging skv. 1. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012:

- a) þær eru með berum orðum gefnar út eða tryggðar af einhverjum af eftirfarandi:
 - i. ríkisstjórn á Evrópska efnahagssvæðinu,
 - ii. héraðsstjórnnum eða staðaryfirvöldum á Evrópska efnahagssvæðinu þegar ekki er neinn munur á áhættu vegna áhættuskuldbindinga héraðsstjórna eða staðaryfirvalda og ríkisstjórnar aðildarríkis vegna tekjuöflunarmöguleika þess fyrrnefnda og tilvist sérstaks stofnanafyrirkomulags sem dregur úr vanskilaáhættu,
 - iii. Evrópska fjármálastöðugleikasjóðnum eða evrópska stöðugleikakerfinu eða Sambandinu, eftir atvikum,
 - iv. fjölþjóðlegum þróunarbanka sem talinn er upp í 2. mgr. 117. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (*) og er með staðfestu í Sambandinu,
- b) miðlægi mótaðilinn geti sýnt fram á að lítil greiðslufallsáhætta sé til staðar á grundvelli innra mats miðlæga mótaðilans,
- c) hún sé í annaðhvort:
 - i. gjaldmiðli sem miðlægi mótaðilinn getur sýnt lögbærum yfirvöldum fram á að hann geti stýrt áhættu vegna með fullnægjandi hætti,
 - ii. gjaldmiðli sem miðlægi mótaðilinn stöðustofnar viðskipti í, innan marka trygginganna sem þarf til að verjast áhættu miðlæga mótaðilans í þeim gjaldmiðli,
- d) hún sé óafturkræf, skilyrðislaus og að sá sem gefur hana út og ábyrgist hana geti ekki byggt á undanþágu eða vörn samkvæmt lögum eða samningi til að andmæla greiðslu ábyrgðarinnar,
- e) unnt sé að standa við hana innan innlausnartímabils eignasafns stöðustofnunaradilans sem er í vanskilum og hefur lagt hana fram, án takmarkana samkvæmt reglum eða lögum eða rekstrarlegra takmarkana eða krafna þriðja aðila til hennar.

Að því er varðar b-lið skal miðlægi mótaðilinn nota skilgreinda og hlutlæga aðferðafræði við framkvæmd matsins sem um getur í þeim lið sem byggist ekki að fullu á utanaðkomandi álitum.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).“